

Ytra mat

Leikskólinn Gefnarborg
Suðurnesjabæ

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Einarsdóttir

© Menntamálastofnun, 2021

ISBN 978-9979-0-2723-2

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Starfsfólk	9
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsfólk	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	12
Uppeldis- og menntastarf	14
Námsaðstæður	14
Starfshættir	14
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	15
Námssvið	16
Velferð og líðan barna	18
Mat á námi og velferð barna	18
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	20
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	20
Viðhorf foreldra	20
Samstarf við grunnskóla	21
Annað samstarf	21
Skóli án aðgreiningar	23
Skólaþjónusta og sérkennsla	23
Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku	23
Innra mat	25
Skipulag og viðfangsefni	25
Gagnaöflun og vinnubrögð	25
Opinber birting og umbætur	25
Samantekt matsþátta	27
Samantekt	28
Lokaorð	32
Heimildir	33

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn er rúmgóður vel skipulagður fjöggra deilda leikskóli. Hann hefur stefnu, markmið og einkunnarorð sem starfsfólk þekkir og getur bent á leiðir sem farnar eru til að framfylgja þeim. Húsnæði uppfyllir að fullu kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum. Húsnæðið býður upp á fjölbreytta möguleika til að vinna í minni og stærri hópum. Góð hljóðvist er í leikskólanum. Umhverfi hans býður upp á mikla möguleika til útínáms. Leikskólinn er stýrskóli fyrir þriggja ára fjölþjóða samstarfsverkefni Erasmus+. Leikskólinn hefur verið þátttakandi í verkefninu *Leikskóli á grænni grein* en sótti ekki um Grænfána á síðasta skólaári. Á áætlun er að sækja um Grænfána á þessu ári. Þetta er heilsueflandi leikskóli í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og tekur þátt í samstarfsverkefninu *Málið okkar horft til framtíðar*. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara og þarf að leita leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólanum er stjórnað af metnaði undir forystu leikskólastjóra. Vinna og skipulag við ráðningu starfsfólks og dreifingu þess innan leikskólans er til fyrirmyndar. Starfshópurinn leggur áherslu á gott samstarf og samábyrgð starfsfólks. Starfspróunarsamtöl eru tekin tvisvar á ári. Starfsandi og skólabragur er góður og starfsfólk leggur metnað í að efla starfsemi leikskólans, hefur trú á gæðum starfsins og er stolt af því. Lögbundnar áætlanir og stefnur fyrir leikskólastarfið liggja fyrir. Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár er aðgengileg á heimasíðu en uppfyllir ekki allar áherslur í aðalnámskrá leikskóla 2011. Gott samstarf er við deildarstjóra fræðsluþjónustu sveitarfélagsins og leikskólastjóri er í góðu samstarfi við sveitarstjórn þess. Leikskólinn hefur leiðbeinandi starfsmannahandbók og mótökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk, skipurit og starfslýsingar. Mótökuáætlun er fyrir ný börn og áætlun um samstarf leik- og grunnskóla. Leikskólinn er ekki með símenntunaráætlun en skóladagatal hans er á heimasíðu. Starfsfólk og foreldrar eru ánægðir með stjórnun leikskólans. Leikskólinn hefur ekki sett sér læsisstefnu. Ljúka þarf endurskoðun á skólanámskrá og setja skólanum stjórnunarteymi.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Námsumhverfi er skipulagt út frá hugmyndafræði og einkunnarorðum leikskólans eins og sjá má í daglegu starfi. Sameiginleg svæði á eldri deildum eru vel nýtt í frjálsum og skipulögðum starfi. Leikföng og efniviður er sæmilega fjölbreyttur en æskilegt væri að flokka hann, merkja og gera aðgengilegri fyrir börn og starfsfólk. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum tækifærum til leikja og náms. Grunnþættir menntunar í aðalnámskrá leikskóla eru samþættir daglegu starfi. Þriggja ára samstarfsverkefnið Erasmus+ fellur vel að námsleiðum leikskólans og áhrif þess eru sýnileg í flæði og daglegum störfum á eldri deildum. Skipulag og vinnu á yngri deildum leikskólans þarf að endurskoða í samræmi við stefnu og áherslur leikskólans og Erasmus+ verkefnisins. Útileiksvæði leikskólans býður upp á góð tækifæri til náms og leikja. Lögð er áhersla á að nýta fjölbreytt umhverfi utan skólans til útínáms. Börnunum líður vel og gleði og samstaða er sýnileg í samskiptum þeirra. Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af umhyggju og virðingu. Skoða ætti hvort þörf sé á að bæta öryggi yngstu barnanna á útileiksvæði. Leita ætti leiða til að gefa börnum tækifæri á að koma að ákvarðanatöku og hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda. Skoða ætti vinnu með skapandi starf, aðbúnað í listaskálum og aðgengi barna að efnivið. Einnig mætti bæta búnað og tæki til stærðfræði og vísindastarfa. Auka ætti uppeldislegar skráningar á námi barna og leitast við að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.

Foreldrasamvinna¹ og ytri tengsl

Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt. Þeir þekkja áherslur hans en ekki einkunnarorð, æskilegt er að gera þau sýnileg í leikskólanum og kynna fyrir foreldrum. Almennt eru foreldrar ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans. Þeir telja aðbúnað barnanna góðan, eru ánægðir með stjórnun leikskólans og samskipti og viðmót starfsmanna. Við leikskólann starfar foreldraráð og foreldrafélag. Birta þarf upplýsingar um fulltrúa og starfsemi foreldraráðs og skrá fundargerðir og setja á heimasíðu leikskólans. Einnig þarf að bæta upplýsingar um starfsemi og samsetningu foreldrafélagsins og birta á heimasíðu skólans ásamt fundargerðum. Foreldrafélag styður við starf leikskólans með ýmsum hætti. Leikskólinn er í formlegu samstarfi við Gerðaskóla en gögn um samstarfið ættu að vera sýnileg í starfsáætlun og á heimasíðu hans. Leikskólinn er í virku samstarfi við nærsamfélag sitt.

Skóli án aðgreiningar

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri sem ber ábyrgð á framkvæmd sérkennslu og stýrir sérkennsluteymi sem er starfandi við leikskólann. Skipulag og vinna sérkennsluteymis er til fyrirmyndar. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana, samstarfi við foreldra og er tengiliður við sérfræðinga utan leikskólans. Lögð er áhersla á að sérkennsla og stuðningur við börn fari sem mest fram á deildum en í minni hópum eða einstaklingskennslu þegar við á. Sérkennslustjóri veitir starfsmönnum deilda upplýsingar og ráðgjöf varðandi einstök börn. Leikskólinn nýtur ráðgjafar kennsluráðgjafa, sálfræðings og talmeinafræðings hjá Fræðslu- og frístundapjónustu sveitarfélagsins. Í leikskólanum er unnið markvisst með íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Ekki er unnið sérstaklega með heimamenningu barna og allar upplýsingar á heimasíðu eru á íslensku.

Innra mat

Í skólanámskrá er fjallað um nokkrar leiðir að innra mati. Ekki er gerð árleg áætlun um innra mat en gerð er þróunar- og umbótaáætlun til þriggja ára fyrir þrjú þróunar- og samstarfsverkefni. Mánaðarlega eru gerðar mannauðsmælingar og símat fer fram í tengslum við Erasmus+ samstarfsverkefnið. Skipa ætti matsteymi í leikskólanum. Í árlegri matsáætlun ætti að koma fram hvernig uppeldisstarf leikskólans er metið. Gera ætti matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar hvernig helstu þættir starfsins eru metnir, svo sem stefna og áherslurættir leikskólans. Leita þarf leiða til að ná fram sjónarmiðum barna við mat á leikskólastarfinu. Þegar niðurstöður úr mati liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og tækifæri til umbóta. Greinargerð um innra matið og umbótaáætlun á að birta á heimasíðu og/eða í starfsáætlun leikskólans.

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Gefnarborg. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarsdóttur og fór fram á vettvangi 11.-13. október 2021. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.²

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólustarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólustarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólustarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.³ Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 19. september á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaaðila. Matsaðilar dvöldu þrjú daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, kennara utan deilda, starfsfólk, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, sérkennslustjóra og verkefna- og starfsmannastjóra. Haft var símasamband við deildarstjóra fræðsluþjónustu á Fjölskyldu- og fræðsluviði sveitarfélagsins. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólustarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.⁴ Matsaðilar fóru hver í sínu lagi yfir þau gögn sem aflað var fyrir fram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

2 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

3 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

4 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn er fjögurra deilda leikskóli í Suðurnesjabæ. Hann var stofnaður af Kvenfélaginu Gefn í Garði árið 1971. Kvenfélagið rak skólann til áramóta 1986 þegar sveitarfélagið Gerðahreppur keypti hann og rak fram í ágúst sama ár. Frá þeim tíma hefur leikskólinn verið í einkarekstri. Í ágúst 1999 flutti leikskólinn í núverandi húsnæði.

Í leikskólanum dvelur 91 barn á aldrinum 18 mánaða til sex ára, 40 stúlkur og 51 drengir. Sex börn eru með skilgreinda sérkennslu í leikskólanum. 28 börn eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er opinn frá 7:45-16:15.

Deildir leikskólans eru þessar:

Fæðingarár barna á deildinni	
Kátakot	2019-2020
Sælukot	2018-2019
Hálsakot	2017-2018
Vinakot	2016-2017

Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði leikskólans hýsir fjórar deildir, tvær í hvorum enda leikskólans, gangur tengir saman eldri og yngri deildir. Fjölnota svæði eru í leikskólanum: salur, tvær listasmiðjur og Miðja/skynjunarherbergi. Sameiginlegur matsalur er fyrir öll börn utan yngstu börnin sem matast inni á deild. Skrifstofa er fyrir leikskólastjóra og sérkennslustjóra. Aðstaða er fyrir sérkennslu og undirbúning starfsmanna og þar hefur verkefna- og starfsmannastjóri sína aðstöðu. Rúmgóð kaffistofa er fyrir starfsfólk. Góð aðstaða er fyrir stærri og minni fundi. Móttökueldhús er í leikskólanum sem sér um að framreiða morgunverð, hádegisverð og eftirmiðdagshressingu í sal. Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum. Fram kom hjá stjórnendum, starfsfólki og foreldrum að almenn ánægja væri með húsnæði leikskólans.

Útileiksvæði leikskólans, sem kallast Töfraborg, er ágætlega stórt og fjölbreytt. Leiktæki eru við hæfi allra aldurshópa, fallvarnir í góðu lagi og boðið upp á margskonar ögranir fyrir börnin að takast á við. Á hverju vori er skipulagður vinnudagur þar sem foreldrar börn og starfsfólk kemur saman og vinnur í garðinum, gerir við leikföng, smíðar ný, málur og lagfærir það sem með þarf. Mikil ánægja er með þessa vinnu hjá öllum sem að koma.

Starfsfólk

Starfsmenn leikskólans eru 28 í samtals 23,33% stöðugildum. Þrjú stjórnendur eru í leikskólanum: leikskólastjóri, verkefna- og starfsmannastjóri og sérkennslustjóri. Leikskólastjóri í 100% stöðugildi er með M.Ed gráðu og hefur starfað sem leikskólastjóri í Gefnarborg í sex ár. Sérkennslustjóri í 100% stöðugildi er með Ms gráðu í hagnýtri sálarfræði hefur starfað í leikskólanum í rúmt ár. Verkefna- og starfsmannastjóri með M.Ed gráðu er í 100% stöðugildi, hann hefur starfað í leikskólanum frá ágúst 2021. Auk stjórnenda starfa fjórir deildarstjórar í leikskólanum, tveir eru með próf í leikskólakennarafræðum, einn er með Bsc í geislafræði og einn er á síðasta ári í leikskólakennaranámi. Annað starfsfólk er: tveir með B.Ed í leikskólakennarafræðum, einn iðjuþjálfari og einn þroskaþjálfari, einn er með BA í viðskiptafræði með áherslu á Marketing and management og einn með Professional degree in Tourism and Hotel management. Annað starfsfólk er án framhaldsmenntunar. Tveir starfsmenn vinna í móttökueldhúsi.

Í leikskólanum starfa 27 konur og einn karlmaður. Fimm starfsmenn eru í námi í leikskólakennarafræðum. Í leikskólanum er lögð áhersla á að auðvelda starfsfólki að sækja sér menntun, en sveitar-

félagið styrkir það ekki til náms. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólalastjórna við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara.

Námsumhverfi og viðfangsefni barna eru skipulögð út frá Grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá leikskóla: *Læsi, Sjálfbærni, Lýðræði og mannréttindi, Jafnrétti, Heilbrigði og velferð og Sköpun*. Einkunnarorð leikskólans eru Gleði – Leikur – Virðing. Markmið leikskólafarsins er að *Efla samskipti, virðingu og leikgleði barnanna*. Leikurinn er kjarni í uppeldisstarfi leikskólans og áhersla er lögð á að börnin læri og þroskist í gegnum leik og daglegt starf.⁵

Leikskólinn er stýriskóli í fimm landa samstarfsverkefni, Erasmus+ 2020-2023. Löndin eru auk Íslands: Krít, Króatía, Svíþjóð og Rúmenía.⁶ Heiti verkefnisins er *Inclusion through sensory integration* (ísl. í þýðingu leikskólalastjóra. *Læsistengd skynjun*). Markmið þess er að stuðla að og efla félagslega þátttöku barna með *skynreiðu*⁷ að leiðarljósi. Í verkefninu er unnið með læsi í víðum skilningi og notkun allra skilningarvita til að skynja umhverfi sitt. Þessi vinna fer jafnt fram innanhúss sem utan. Samstarfsverkefnið Erasmus+ verður rauður þráður í starfi leikskólans þessi þrjú ár (2020-2023). Í tengslum við það taka nokkrir starfsmenn leikskólans þátt í *eTwinning* verkefni.⁸ Leikskólinn hefur verið *Skóli á grænni grein*⁹ frá 2008 og flaggað sex *Grænfánum* frá upphafi. Síðastliðið skólaár var ekki sótt um Grænfána en ætlunin er að sækja um nýjan fána á yfirstandandi skólaári. Í umsókn fyrir nýjum fána verður lögð áhersla á vinnu með útinám og skynjun. Leikskólinn er *Heilsueflandi leikskóli* í samræmi við áherslur sveitarfélagsins.¹⁰ Leikskólinn tekur í þátt í sameiginlegu átaki leikskóla Suðurnesjabæjar og Voga um að efla málþroska barna, heiti verkefnisins er *Málið okkar horft til framtíðar* og er stýrt af talmeinafræðingi Suðurnesjabæjar.¹¹ Í leikskólanum er unnið með *Lubbi finnur málbein*¹² og *Orðaspjall*¹³.

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur markmið, einkunnarorð og stefnu sem starfsfólk þekkir og getur bent á leiðir sem farnar eru til að framfylgja þeim.
- Leikskólinn er stýriskóli fyrir þriggja ára fjölþjóða samstarfsverkefni.
- Leikskólinn er þátttakandi í verkefnunum *Skóli á grænni grein*, *Heilsueflandi leikskóli* og *Málið okkar horft til framtíðar*.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.

5 Skólanámskrá, starfsáætlun og viðtöl við leikskólalastjóra og starfsfólk.

6 Erasmus samstarfsverkefni.

7 Skynreiða er samkvæmt skýringum leikskólalastjóra félagsleg þátttaka barna með áherslu á skynjun.

8 eTwinning-verkefni

9 Skóli á grænni grein.

10 Heilsueflandi leikskóli.

11 Málið okkar horft til framtíðar.

12 Lubbi finnur málbein.

13 Orðaspjall.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Gefnarborg er sjálfstætt starfsandi leikskóli í Suðurnesjabæ sem nýtur styrks frá sveitarfélaginu. Rekstraraðili leikskólans er Ingibjörg Jónsdóttir sem jafnframt er leikskólastjóri. Fræðsluþjónusta Suðurnesjabæjar heyrir undir fjölskyldusvið sveitarfélagsins.

Leikskólastjóri situr mánaðarlega fundi með deildarstjóra fræðsluþjónustu ásamt öðrum leikskólastjórum sveitarfélagsins. Leikskólastjórar, foreldrar og starfsfólk hafa áheyrnarfulltrúa á fundum fræðslunefndar. Skólalastjórnendur kynna árlega skólalagtal og starfsáætlun fyrir fræðslunefnd.¹⁴ Sveitarfélagið hefur ekki gefið út fræðslustefnu.¹⁵

Leikskólinn hefur aðgang að þjónustu sálfræðings, talmeinafræðings og kennsluráðgjafa frá fræðsluþjónustu Suðurnesjabæjar. Hann hefur ekki sett sér starfsmannastefnu en rík áhersla er lögð á að nýta vel mannauð leikskólans í góðu lærdómssamfélagi. Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisáætlun, er með áfalla- og viðbragðsáætlun, áfallateymi og slysaskráningu. Hann hefur gert rýmingaráætlun og verk-lagsreglur vegna slysa.¹⁶

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá leikskólans var að hluta til endurskoðuð árið 2019 og uppfyllir hún ekki allar áherslur í aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Vinna við endurskoðun hennar er í gangi og gert ráð fyrir að ný skólanámskrá verði gefin út 2023 eða 2024. Áður hefur komið fram að sveitarfélagið hefur ekki gefið út fræðslustefnu en leikskólinn hefur óútgefna fræðslu- og frístundastefnu þess til hliðsjónar við skipulag starfsins. Í henni er talað um að allir skólar setji sér læsisstefnu þar sem horft er á læsi í viðum skilningi en hvorki sveitarfélagið eða leikskólinn hafa sett sér formlega læsisstefnu. Skólanámskrá, starfsáætlun og skólalagatal er aðgengilegt á heimasíðu.¹⁷ Starfsáætlun 2021-2022 uppfyllir ekki með öllu áherslur sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 um gerð starfsáætlunar. Ítarleg starfsmannahandbók fyrir 2021-2022 er aðgengileg starfsfólki. Leikskólinn hefur skipurit og greinargóðar starfslýsingar fyrir starfsfólk.¹⁸

Að sögn deildarstjóra fræðsluþjónustu hefur leikskólinn gott orð á sér í samfélaginu, ánægja með hann fer vaxandi og ekki hafa borist kvartanir eða ábendingar vegna hans.¹⁹

Stjórnun og starfsfólk

Í Gefnarborg er ekki formlegt stjórnunarteymi en leikskólastjóri, verkefna- og starfsmannastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar mynda óformlegt stjórnunarteymi sem heldur vikulega deildarstjórafundum. Í starfsmannahandbók, sem er aðgengileg starfsfólki, kemur fram lýsing á verkaskiptingum leikskólastjóra og verkefna- og starfsmannastjóra.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfi leikskólans, allri daglegri starfsemi og rekstri. Verkefna og starfsmannastjóri hefur umsjón með starfsmannahaldi ásamt leikskólastjóra, fræðslu og starfsþróun og stýrir þriggja ára Erasmus+ samstarfsverkefni. Hann fylgist einnig með fagstarfi á deildum og veitir starfsfólki leiðsögn. Á vikulegum deildarstjórafundum er lagður grunnur að faglegu starfi leikskólans, skipulögð foreldraviðtöl, rædd málefni einstakra barna, farið yfir áætlanir og upplýsingamiðlun. Skipulagsdagar eru sex á ári með fyrir fram ákveðinni dagskrá. Þar er fjallað um innihald og skipulag fagstarfsins, boðið upp á fræðslu og unnið að endurmati. Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir skólaárið. Starfsmannafundir eru 11 á ári utan vinnutíma. Á starfsmannafundum er meðal annars rætt um skipulag uppeldisstarfsins og endurmat, hugmyndafræði og leiðir til að efla starfsandann. Deildarfundir eru haldnir á þriggja vikna fresti. Tilgangur þeirra er að undirbúa starfið á deildinni, viðhalda umræðu um uppeldismál, ræða málefni einstaka barna og skipuleggja og meta starf deildarinnar. Kennarateymisfundir eru haldnir á þriggja vikna fresti, í þeim taka þátt kennarar, deildarstjórar og sérkennslustjóri. Markmið fundanna er að skipuleggja, samræma og endurmeta faglegt starf, yfirfara skólanámskrá og áætlanir. Í leikskólanum er starfandi *Sérkennsluteymi*, sem í eru þrír kennarar undir

14 Símafiðtal við deildarstjóra fræðsluþjónustu.

15 Viðtal við leikskólastjóra.

16 Viðtal við leikskólastjóra.

17 Heimasíða leikskólans.

18 Skólanámskrá og starfsmannahandbók.

19 Símafiðtal við deildarstjóra fræðsluþjónustu.

stjórn sérkennslustjóra sem ber ábyrgð á sérkennslumálum leikskólans. Stýrihópafundir fyrir Erasmus+ eru á þriggja vikna fresti til að meta og ræða framvindu verkefnisins. eTwinning hópur fundar á tveggja vikna fresti. Nýstofnuðu teymi í leikskólanum sem kallað er *Samráðsteymi* er ætlað að vera vettvangur fyrir umræðu um málefni einstaka barna í leikskólanum. Það er skipað leikskólastjóra, verkefna- og starfsmannastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra viðkomandi deildar. Yfirleitt er ekki fyrir fram ákveðin dagskrá fyrir fundi innan skólans en skrifaðar fundargerðir á öllum fundum og settar inn á sameiginlegt vinnusvæði á *Workplace*.²⁰ Á vettvangi mátti sjá skipulag fyrir alla fundi haustið 2021.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Unnið er eftir verkferli við móttöku nýrra starfsmanna. Símenntunaráætlun liggur ekki fyrir í leikskólanum.

Fagleg forysta

Í viðtali sagðist leikskólastjóri vera sanngjarn og eiga gott samstarf við allt starfsfólk. Hann hefði það að markmiði að enginn brenni inni með hugmyndir eða vandamál, öllum ætti að veitast tækifæri til að nýta hæfileika sína og prófa nýja hluti. Hann sagðist líta á leikskólann sem eina heild og legði áherslu á að nýta mannauðinn sem best, hvort sem væri á einstaka deildum eða í öllum leikskólanum. Leikskólastjóri sagði að honum liði vel í starfi og góður starfsandi væri í leikskólanum, legði áherslu á að fólk gæti leitað til hans og hann ætti auðvelt með að ná til fólks.²¹ Í rýnihópi foreldra kom fram að leikskólastjóri væri vel sýnilegur og samskipti við hann almennt góð.²² Þátttakendur í öllum rýnihópum sem rætt var við sögðu leikskólastjóra mjög góðan stjórnanda og samstarfið í leikskólanum einkenndist af lýðræðislegum vinnubrögðum. Leikskólastjóri ætti auðvelt með að sjá sterkustu hliðar einstaklinga, gæfi starfsfólki tækifæri og hvetti það til að þróa sig áfram í starfi. Hann væri almennt góð fyrirmynd og tæki þátt í lífi starfsfólks jafnt í gleði og sorg. Fram kom hjá viðmælendum þessara hópa að við ráðningar til leikskólans væri horft til menntunar og hæfileika fólks án tillits til þess hvaðan það kæmi úr heiminum. Starfsfólk var að öllu leyti sátt við skipulag innan leikskólans.²³ Út frá ummælum starfsfólks sem við var rætt í tengslum við ytra matið telja matsaðilar að vinna og skipulag leikskólastjóra við ráðningu starfsfólks og dreifingu þess innan leikskólans sé til fyrirmyndar.

Að sögn leikskólastjóra fer hann inn á allar deildir á hverjum morgni í þeim tilgangi að gera sig sýnilegan starfsfólki og börnum. Leikskólastjóri sagði að skrifstofuvinnan tæki mikinn tíma og því oft lítið svigrúm til að fylgjast með á deildum. Hann lagði áherslu á að starfsfólk ætti að hafa góðan aðgang að honum og skrifstofa hans væri alltaf opin og allir velkomnir. Leikskólastjóri benti á að þar sem þetta væri *Leikskóli á grænni grein* væri reynt eftir megni að spara útprentun á pappír. Því sé notað *Workplace* fyrir upplýsingamiðlun og er starfsfólki ætlað að fara inn á það að minnsta kosti tvisvar í viku. Annars vegar er þar vinnusvæði sem leikskólastjóri setur inn efni og hins vegar sameiginlegt svæði allra starfsmanna. Á þessum vinnusvæðum eiga allar upplýsingar fyrir stjórnendur og starfsfólk að vera.²⁴ Fram kom hjá sumum viðmælendum að leikskólastjóri mætti vera sýnilegri á deildum og fylgjast meira með því sem væri að gerast í starfinu, oft væri hann upptekin og stundum erfitt að ná sambandi við hann. Starfsfólk nefndi að verkefna- og starfsmannastjóri fylgdist meira með starfinu á deildum og talaði um að ef til vill þyrfti að skilgreina betur verkaskiptingu þessara stjórnenda fyrir starfshópnum.²⁵

Starfsandi og starfsánægja

Stjórnendur og starfsfólk voru sammála um að í leikskólanum ríkti góður starfsandi, traust og gagnkvæm virðing. Andrúmsloftið afslappað, ánægja og vellíðan innan hópsins. Hlustað væri á alla og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða, hæfileikar og þekking fólks fengi að njóta sín og vel væri tekið í nýjar hugmyndir. Leikskólastjóri og starfsfólk sagðist vera metnaðarfullt, stolt af störfum sínum og taldi sig metið að verðleikum. Í leikskólanum væri lögð áhersla á að skipuleggja og vinna metnaðarfullt uppeldisstarf í samstilltum starfshópi. Starfsfólk var mjög stolt af því að tilheyra þessum leikskóla, sérstak-

20 Workplace.

21 Viðtal við leikskólastjóra.

22 Rýnihópur foreldra.

23 Viðtal við verkefna- og starfsmannastjóra, sérkennslustjóra, rýnihópa deildarstjóra, leikskólakennara og starfsfólk.

24 Viðtal við leikskólastjóra.

25 Rýnihópar deildarstjóra og starfsfólks.

lega nefndi það stolt sitt yfir að taka þátt í og stýra alþjóðlegu samstarfsverkefni. Einnig nefndi það stolt sitt yfir skipulagi og framkvæmd sérkennslu. Sem sterka þætti í leikskólastarfinu nefndu stjórnendur og starfsfólk góðan starfsanda. Í leikskólanum ríkti metnaður og lögð væri áhersla á að setja sér markmið og efla faglega starfshætti. Leikskólinn væri faglegt námssamfélag, andrúmsloft hans jákvætt, starfshópurinn samheldinn, „gott teymi“. Í leikskólanum væri hátt menntunarstig, reyndir leiðbeinendur og margt starfsfólk í námi. Mikil gleði væri ríkjandi innan starfshópsins og gott væri að koma í vinnuna. Starfshópurinn gerir eitt og annað til að efla starfsandann, til dæmis er í leikskólanum starfandi skemmtinefnd sem skipuleggur viðburði fyrir starfshópinn.²⁶ Foreldrar í rýnihópi nefndu sem sterka þætti í leikskólastarfinu vinsemd starfsfólks og gott viðmót í garð foreldra. Börnum væri kennt umburðarlyndi og samkennd, „við erum öll mismunandi“.²⁷

Styrkleikar

- Leikskólastjóri fundar mánaðarlega með deildarstjóra fræðsluþjónustu ásamt öðrum leikskólastjórum í sveitarfélaginu og er í góðu samstarfi við sveitarstjórn.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók og móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk. Leikskólinn er með skipurit og gerðar hafa verið starfslýsingar.
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin tvisvar á ári.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir ný börn og áætlun um samstarf leik- og grunnskóla. Skóladagatal leikskólans er á heimasíðu.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu, hefur metnað fyrir hönd leikskólans og trú á gæðum starfsins.
- Starfsfólk og foreldrar eru ánægðir með stjórnun leikskólans.
- Kennsluráðgjafi veitir stjórnendum og starfsfólki stuðning og ráðgjöf.
- Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisáætlun, starfsmannastefnu, áfalla- og viðbragðsáætlun og áfallateymi, slysaskráningu. Leikskólinn hefur rýmingaráætlun og verklagsreglur vegna slysa.
- Vinna og skipulag við ráðningu starfsfólks og dreifingu þess innan leikskólans er til fyrirmyndar.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár.
- Leikskólinn ætti að hafa stjórnunarteymi og betur skilgreindar reglur um verkaskiptingar milli stjórnenda.
- Gera þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann.
- Gera þarf flóttaleiðir vegna rýmingaráætlunar sýnilegar við alla útganga leikskólans.
- Leikskólinn ætti að hafa formlega læsisstefnu og gera hana sýnilega á heimasíðu leikskólans.

26 Viðtal við verkefna- og starfsmannastjóra, sérkennslustjóra, rýnihópa deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

27 Rýnihópur foreldra.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Húsnæði leikskólans er bjart og rúmgott. Námsumhverfið er skipulagt út frá gildum og hugmyndafræði leikskólans. Gert er ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og fjölbreyttum tækifærum til náms og leikja. Hver deild hefur þrjár stofur og góðir möguleikar eru til að vinna með minni hópa í frjálsum og skipulögðum leikjum. Góð aðstaða er til borð- og gólfleikja á öllum deildum sem var vel nýtt þann tíma sem matsaðilar voru á vettvangi.

Yngri deildir eru rúmgóðar sem býður upp á góðar aðstæður fyrir allar daglegar athafnir. Gólfsíðir gluggar gefa börnunum möguleika á að fylgjast með útileiksvæði og náttúru sem blasir við fyrir utan. Einn listaskáli er fyrir báðar yngri deildirnar. Eldri deildir eru sæmilega stórar en hannaðar hvor með sínu sniði. Sameiginleg svæði þeirra eru rúmgóður salur milli deildanna, Miðjan/skynjunarsvæði, lista-smiðja og leikstofa fyrir samveru og bóklestur. Verk barna eru lítið sýnileg á veggjum en á gangi við matsal er stórt heimskort í hæð barna. Bókasafn leikskólans er í miðju húsinu. Skipulag húsnæðis gefur möguleika á góðum samskiptum allra í leikskólanum. Aðstaða er fyrir sameiginlegar samverustundir í salnum. Miðjan/skynjunarsvæði og listasmíðja nýtast fyrir hádegi í flæði og skipulögðu starf á eldri deildum. Á þeim tíma sem matsaðilar dvöldu í leikskólanum sáu þeir ekki að yngri börnin hefðu aðgang að Miðju/skynjunarsvæði og sal. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra hafa yngstu börnin að öllu jöfnu aðgang að Miðjunni. Að sögn deildarstjóra er gott samráð og samstarf milli eldri deilda meðal annars varðandi skipulag málræktarstunda og í flæði. Á yngri deildum er samstarf sýnilegt á útileiksvæði en að öðru leyti er lítið um samstarf og samræmingu þar. Gert er ráð fyrir að auka það eftir áramót með skipulögðu flæði. Að öðru leyti sögðu deildarstjórar að samstarf, skipulag og verkskipting í leikskólanum og væri gott.²⁸

Leikskólinn er nokkuð vel búinn leik- og námsgögnum en aðgengi barna að því er misgott eftir deildum. Á yngri deildum var meðal annars boðið upp á pússluspil, dubló kubba og bækur í frjálsum leik fyrir hádegi. Hluti leikefnisins, svo sem kubbar og tuskudýr, var aðgengilegur börnum en annað leikefni geymt í lokuðum skápum. Hillur með leikefni á yngstu deild voru ekki í hæð barna. Ekki var efni til myndsköpunar í listaskála á yngri deildum vel aðgengilegt börnunum og skipulag listaskálans og aðbúnaður virtist ekki bjóða börnum upp á mikið val. Á eldri deildum var boðið upp á leikefni svo sem kubba, pússluspil, legó, perlur, bíla og ýmislegt fleira. Þar mátti sjá glöð og áhugasöm börnin sem nutu þess að vinna og leika með þann efnivið sem var í boði. Aðgengi barna að leikefni á eldri deildum var nokkuð gott en þó mismunandi. Náms- og kennslugögn í Miðjunni voru til fyrirmyndar, allt vel skipulagt og efni til sköpunar aðgengilegt starfsfólki en ekki börnum. Matsaðilar sáu nokkuð af efni til hlutverkaleikja í sal og tuskudýr á yngri deild en annað efni til slíkra leikja var ekki sýnilegt meðan matsaðilar voru á vettvangi. Efniviður til skapandi starfs á yngri deildum er ekki vel flokkaður og lítið um merkingar. Í leikskólanum almennt eru hirslur fyrir leikföng og námsefni ómerktar, leikefni lítið flokkað og fjölbreytileiki lítt sýnilegur.

Útileiksvæði leikskólans er vel búð og býður upp á fjölbreytt viðfangsefni fyrir alla aldurshópa. Samkvæmt dagskipulagi eru börn ekki öll á útileiksvæðinu í einu og því gott rými fyrir alla til leikja. Eldri börnin hafa val um að vera úti eða inni og hópur barna fer á hverjum degi í vettangsferðir sem eru hluti af útinámi þeirra. Fram kom í rýnihóp deildarstjóra að æskilegt væri að gera ráð fyrir sérstakri aðstöðu á leiksvæðinu fyrir yngstu börnin til að auka öryggi þeirra.²⁹ Umhverfi leikskólans er fjölbreytt, stutt er í fjöru, móa og trjágróður; þetta gefur góða möguleika til útináms og náttúruskoðunar sem markvisst er unnið með í flæði.

Starfshættir

Leikskólastjóri, verkefna- og starfsmannastjóri og deildarstjórar skipuleggja og leiða uppeldisstarfið í leikskólanum. Deildarstjórar bera ábyrgð á gerð og endurskoðun dagskipulags í samvinnu við starfsfólk deilda. Dagskipulag skiptist í frjálsa og skipulagða leiki, hópastarf, samverustundir, flæði, matmálstíma, útiveru og hvíld. Gert er ráð fyrir skipulögðu starfi fyrri hluta dags en frjálsum leik eftir

28 Rýnihópur deildarstjóra og rýnihópur starfsfólks.

29 Rýnihópur deildarstjóra.

hádegi. Fyrir hádegi er hópastarf, skapandi starf, söng- og sögustundir og útivera á yngri deildum en hópastarf, söngstund, flæði og vettvangsferðir á eldri deildum. Dagskipulag er sýnilegt á deildum og í sumum tilfellum er það myndrænt en ekki alltaf í hæð barna. Ýmsar áherslur, leiðbeiningar og verk lýsingar fyrir starfsfólk eru sýnilegar á veggjum og töflum deilda en nokkurs ósamræmis gætir með það hvað er uppi á hverri deild.

Áherslur í námskrá leikskólans endurspeglast að miklu leyti í starfi deildanna, sérstaklega á eldri deildum. Aðferð leikskólans við að skipuleggja frjálsum leik barna á eldri deildum er kallað *flæði*. Flæði á að gefa börnum tækifæri til að velja sér viðfangsefni og flæða áfram í leiknum án leiðsagnar.³⁰ Börnin safnast saman á deildum til að velja sér svæði sem eru sex til átta talsins. Við hvert svæði er mynd af þeim kennara sem leiðbeinir á viðkomandi svæði. Eftir valið fara börnin beint á sitt valsvæði þar bíður þeirra kennari sem einnig hefur valið sér svæði eftir styrkleikum, áhuga og þekkingu. Eftir að börnin hafa unnið að verkefnum sem kennarinn hefur undirbúið og leitt, geta þau skipt og farið á milli svæða að vild. Starfsfólk lýsti yfir ánægju sinni með þetta fyrirkomulag. Á yngri deildum er ekki boðið upp á samskonar fyrirkomulag.

Leiknum var gefinn góður tími í leikskólanum. Samskipti starfsfólks við börnin einkenndust af jákvæðni, hvatningu og þolinmæði. Í flæðisstundum á eldri deildum var starfsfólk til staðar á öllum svæðum, leiðbeindi, hrósaði og hvatti. Starfsfólk á yngri deildum var ávallt nálægt börnunum í útiveru og inni í frjálsum leik. Á öllum deildum leikskólans notaði starfsfólk virka hlustun í samskiptum við börnin. Í rýnihóp deildarstjóra kom fram að *Bínureglur* gilda á öllum deildum og veggspjöld með þeim voru sýnileg, oftast í hæð barnanna. Aðspurð hvort börnin taki þátt í að búa til aðrar reglur, svöruðu deildarstjórar að svo væri ekki. Börnin í rýnihóp nefndu nokkrar reglur sem þau sögðust ekki hafa samið, svo sem „það er bannað að fara í kennaraskápinn, skúffuna og kennarastólinn. Alltaf að hlusta, ekki meiða og segja fyrirgefðu ef maður meiðir.“ Í rýnihópi vitnuðu börnin ekki í *Bínureglur* en á vettvangi mátti heyra þau vísa í þær. Samstarf og samábyrgð innan starfshópsins var sýnileg á deildum og milli deilda þá daga sem matsaðilar voru á vettvangi. Starfsfólk sagði gott samstarf á deildum, verkskiptingu skýra og vinnubrögð lýðræðisleg. Á deildum færi fram umræða til að samræma vinnubrögð. Starfsfólk hafi tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hlustað væri á nýjar hugmyndir. Í rýnihópum starfsfólks og deildarstjóra kom fram að skerpa mætti og samræma ýmsar reglur svo sem fyrirkomulag í matsal og starfsfólk mætti vera meira á gólfinu með börnunum. Gott væri að taka til umræðu og samræma uppeldisaðferðir, starfshætti og verklag, einnig væri mikilvægt að ræða hvernig grunnþættir menntunar birtast í starfi.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá segir að markmið með lýðræði og mannréttindum sé að allir einstaklingar fái notið sín á eigin forsendum og hæfileikar allra fái að blómstra. Lögð skuli áherslu á vellíðan og samvinnu. Kennararnir séu góðar fyrirmyndir og börnin eigi að læra að bera virðingu fyrir margbreytileikanum og hvert fyrir öðru.³¹ Fram kom hjá stjórnendum að þátttaka og frumkvæði barna væri helst í flæði og mátti sjá það á vettvangi. Að sögn deildarstjóra fylgisti starfsfólk með vali og leik barnanna og reynir að lesa í áhuga þeirra. Þetta væri að hluta til gert með skráningum. Í frjálsum leik eftir hádegi hafa þau val um að fara í salinn, Miðjuna og einnig hvort þau eru úti eða inni.³²

Á vettvangi mátti sjá að eldri börnin höfðu rúman tíma til leikja og þar ríkti leikgleði, frelsi og vinátta. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda og starfsmanna eru börnin ekki þátttakendur í stærri ákvarðanatökum og hafa ekki raunveruleg áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda. Í rýnihóp sögðust börnin ráða hvort þau spila eða perla, við hverja þau leika og hvort þau eru úti eða inni.³³ Val yngstu barna er einna helst í frjálsum leik. Að sögn deildarstjóra á yngri deild er boðið upp á nokkur viðfangsefni í öllum stofum og börnin geta valið að fara á milli svæða á sinni deild.

Á vettvangi mátti sjá að börnin voru hvött til sjálfshjálpar í matmálstímum. Þau ákveða hvar þau sitja, skammta sér sjálf, velja meðlæti og ganga frá matarílátum eftir matinn. Á eldri deildum sást að börnin voru mjög sjálfbjarga í fataherbergi. Á yngri deildum voru börnin að hluta til hvött til dáða í fataherbergi en þar sem þau voru þar öll samtímis gáfust lítil tækifæri til að fylgja því eftir.

30 Hugtakið flæði er upprunnið frá sálarfræðingnum Mihaly Csikszentmihalyi

31 Skólanámskrá.

32 Rýnihópur deildarstjóra og rýnihópur starfsfólks.

33 Rýnihópur barna.

Námssvið

Í skólanámskrá er ekki fjallað um námssvið leikskólans en talað um grunnþætti menntunar sem megin námsleið og hvernig áherslur leikskólans samþættast þeim. Meðal þess sem kemur fram er áhersla á góðan tíma fyrir frjálsan og sjálfsprottinn leik, mikið leikrými og að börnin hafi ákveðið val og tækifæri til að leika sér á sínum forsendum. Einnig segir að lögð sé áhersla á að nám fari fram í daglegum athöfnum. Grunnþáttum menntunar eru gerð góð skil og leiðir nefndar við nokkra þeirra.³⁴ Eins og áður hefur komið fram mátti sjá hvernig Erasmus+ verkefnið tengdist áherslum og námsleiðum leikskólans sem birtist í flæði og daglegu starfi með börnunum en var sýnilegra á eldri deildum.

Á vettvangi sáu matsaðilar að börnum var skipt í minni hópa fyrir hádegi þar sem starfsmaður fylgdi hverjum hóp. Á þeim tíma sem matið fór fram var unnið á fjölbreyttan hátt með málrækt. Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku voru í hópastarfi með kennara sem er hluti af sérkennsluteymi leikskólans og sér um kennslu þessara barna. Á yngri deildum var börnunum einnig skipt í minni hópa og unnið með málrækt. Bækur sem þar voru lesnar fyrir næstýngsta hópinn vöktu áhuga barnanna og starfsfólk ræddi við þau um efni bókanna og einstök orð. Á þeim tíma sem matsaðilar dvöldu á yngstu deild sáu þeir sögustund þar og dreifðist þá barnahópurinn nokkuð um leikstofuna sem varð þess valdandi að lestur og umfjöllun um bókina náði ekki athygli allra. Eins og áður var nefnt er ekki skipulagt flæði á yngri deildum en börnin geta farið á milli svæða í frjálsum leik og boðið upp á ýmis viðfangsefni í öllum leikstofum. Ekki kemur fram í gögnum hvaða viðfangsefni það eru eða að hve miklu leyti börnin hafa val um leikefni.

Áður hefur komið fram að flæði er ríkjandi námsleið fyrri hluta dags á eldri deildum þar sem boðið er upp á fjölbreytt viðfangsefni. Verkefnistjóri leiðir vinnu í Miðjunni og nýtir til þess fjölbreyttan efnivið með áherslu á skynjun. Á veggjum Miðjunnar eru veggspjöld með myndum af skynfærum með skilgreiningu á hlutverkum þeirra, þessi veggspjöld eru ekki í augnhæð barnanna. Börnin sem völdu útiveru að morgni fóru í vettvangsferð á ákveðið útivistarsvæði þar sem unnið var með skynjun, skoðaðir litir í náttúrunni, lyktað og snert. Sjá mátti að starfsfólk var vel undirbúið og meðvitað um hlutverk sitt í útináminu. Í skipulögðum stundum mátti sjá að markvisst var unnið með öll námssvið í aðalnámskrá leikskóla 2011 og áherslur tengdar Erasmums+ verkefninu.

Námsumhverfið styður við máltöku og málproska barna en er betur útfært á eldri deildum. Táknmál er sýnilegt yfir helstu athafnir. Ritmál og tölustafir eru á veggjum allra deilda, oftast í hæð barna. Mottur með tölustöfum eru á gólfum og á eldri deildum trönur fyrir krítar og túss. Stafróf er fallega og vel uppsett á veggjum deilda. Þula vikunnar og matseðill í hæð barnanna á eldri deildum og í gluggum mátti sjá form og liti. Á öllum deildum á hvert barn merktar skúffur þar sem þau geyma persónulega hluti og teikningar. Merkingar á leikefni í hillum og á kössum er ekki í samræmi við áherslur leikskólans um læsi. Bækur eru á öllum deildum og aðgengilegar börnum í flestum tilfellum. Á yngstu deildinni eru þær ekki í hæð barna og ástæðan að sögn starfsmanns sú að börnin eigi það til að fara illa með þær. Ekki kom fram hvort börnin fá að handfjatla og fletta bókum undir eftirliti starfsfólks en að sögn leikskólastjóra fá börnin að skoða bækur undir eftirliti. Myndir og texti tengt útiveru svo sem um veðurfar og fatnað er í fataherbergi í hæð barna á yngri deildum. Inni á deildum mátti sjá myndir og texta yfir helstu athafnir daglegs lífs en ekki í hæð barna. Hólf barna í fataherbergjum á öllum deildum eru vel merkt, allt er snyrtilegt og umgengni góð.

Suðurnesjabær er heilsueflandi samfélag eins og fram kemur í stefnu þess. Lögð er áhersla á heilsueflingu sem meðal annars felur í sér að skapa umhverfi sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar.³⁵ Í skólanámskrá er lögð áhersla á jákvæðan skólabrag, hollt mataræði, hvíld og góða hreyfingu. Leikskólinn hefur verið heilsueflandi leikskóli frá 2016 og er útivera ríkur þáttur í heilsueflingu barna og starfsfólks.³⁶ Eins og áður hefur komið fram er útileiksvæðið stórt og fjölbreytt sem gefur börnum tækifæri til að spreyta sig á áhugaverðum og krefjandi viðfangsefnum. Leikskólinn nýtir sér nánasta umhverfi til lengri og styttri vettvangsferða eftir aldri og getu barna. Stutt er í ósnortna náttúru, móa, trjágróður og fjöru auk fjölbreytts dýralífs. Skammt frá leikskólanum eru skemmtileg útivistarsvæði með trjágróðri og útilistaverkum. Starfsfólk er virkt í útiveru, nálægt börnunum í leik, hvetur þau og eflir leikinn með ýmsu móti. Salurinn er markvisst notaður í frjálsa- og skipulagða leiki þar sem

34 Skólanámskrá.

35 Óútgefin fræðslu- og frístundastefna Suðurnesjabæjar 2021 (gögn frá leikskóla).

36 Skólanámskrá.

hægt er að hreyfa sig og ærslast að vild. Vinna með heilbrigði og vellíðan barna birtist meðal annars í jákvæðu viðmóti starfsmanna. Á vettvangi mátti sjá að eldri börnin hafa ákveðið frelsi til að færa sig milli svæða í leiknum, þau voru áhugasöm, örugg og virtist líða vel í leikskólanum. Í rýnihóp sögðu þau að þeim liði vel og fyndist gaman í leikskólanum.³⁷

Í skólanámskrá kemur fram að áhersla er lögð á góðan, hollan og fjölbreyttan mat. Matur er keyptur hjá *Skólamat ehf.* sem sérhæfir sig í framleiðslu á ferskum og hollum mat fyrir börn í leik- og grunnskóla. Boðið er upp á grænmeti og ávexti með hádegismatnum alla daga og börnin fá ávexti milli máltíða.³⁸ Starfsfólk í móttökueldhúsi leikskólans sér um framreiðslu og undirbýr allar máltíðir fyrir börn og starfsfólk. Matsalurinn er bjartur og snyrtilegur, maturinn fallega framreiddur og öll umgjörð til fyrirmyndar. Börnin borða ekki öll á sama tíma í matsalnum og sjá mátti að lögð var áhersla á að skapa rólegt andrúmsloft og gefa góðan tíma. Börnin skömmtuðu sér sjálf, höfðu góða matarlyst og þeim leið greinilega vel. Starfsfólk sat við hvert borð og aðstoðaði ef með þurfti. Gott skipulag var í kring um þjónustu við börn með matarofnæmi eða óþol. Yngstu börnin borða inni á sinni deild en þá daga sem vettvangsathugun fór fram var undirbúningur og skipulag matmálstíma ómarkviss en taka skal fram að töluvert álag var á starfsfólk á þessum tíma. Viðmót starfsfólks á yngstu deild var gott, virðing, þolinmæði og umhyggja einkenndi samskipti þess við börnin. Lögð var áhersla á að skapa jákvætt andrúmsloft og börnunum gefinn góður tími.

Útivera barna á báðum yngri deildum er samkvæmt dagskipulagi fyrir hádegi. Þá daga sem matsaðilar voru á vettvangi voru flest börnin samtímis í fataherbergi. Einkennandi fyrir tímarn þar var erill og hraði og lítill tími gafst til samskipta við börnin en í skólanámskrá er lögð áhersla á að nýta skuli daglegar athafnir til náms. Með færri börn samtímis í fataherbergi mætti auka gæðastundir þeirra og starfsfólks, draga úr álagi allra og stytta biðtíma barnanna.

Leikskólinn er *Skóli á grænni grein* og vinnur að því að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu skólans. Lögð er áhersla á að börnin kynnist nærumhverfi sínu og átti sig á að þau geta öll haft áhrif á að móta umhverfið með virkni sinni.³⁹ Í starfsáætlun kemur fram að ætlunin er að sækja um endurnýjun á Grænánanum á vorönn 2021 þar sem áhersla verður á útinám og skynjun tengt Erasmus+ verkefninu.⁴⁰ Í kynningarmyndbandi um Erasmus+ verkefnið sem var sent matsaðilum kemur fram að eitt af markmiðunum er að efla tengsl barna við náttúruna og nánasta umhverfi og verður það gert, að sögn deildarstjóra, með því að leggja markvissari áherslu á útinám allra barna. Lítið notaðir ræktunarkassar eru á leikskólalóðinni en samkvæmt leikskólastjóra er á áætlun að nýta þá betur. Reynt er að spara pappír eftir bestu getu og sáu matsaðilar að hver deild var með flokkunartunnur með leiðbeiningum um flokkun. Á föstudögum sækja börnin afgangsbúðir í eldhúsið og fara með inn á deild, þar sem þau flokka úr það sem er nýtilegt.⁴¹

Í skólanámskrá er talað um að leggja áherslu á að skapa umhverfi sem eflir fjölbreytta sköpun bæði úti og inni og að börnin fái að meðhöndla fjölbreyttan efnivið. Eins og áður hefur komið fram er aðstaða til skapandi starfs bæði á yngri og eldri deildum. Efniviður í myndlistarstofum og Miðjunni virtist nær eingöngu aðgengilegur starfsfólki. Á yngri deildum fer listsköpun fram í hópastarfi en á eldri deildum og er það hluti af flæði. Samkvæmt leikskólastjóra ber verkefnistjóri í listgreinum ábyrgð á myndlist í listasmiðju yngri deilda. Í flæðistund á eldri deildum skipulagði og leiddi starfsmaður fyrir fram ákveðin verkefni í listsköpun. Ekki var ljóst hvort reglan væri að leita eftir hugmyndum barna við listsköpun til að leyfa frumkvæði þeirra og sköpun að njóta sín. Í útiveru eru ýmsir möguleikar til sköpunar og má þar nefna vel búið útielldhús þar sem stutt er í vatn og sand. Vettvangsferðir gefa einnig möguleika á sköpun, börnin finna efnivið í náttúrunni sem borin er heim í leikskólann þar sem hann er nýttur í skapandi starfi. Á eldri deildum er það helst pappír, skæri og litir sem börnin hafa aðgang að, á yngri deildum var slíkur efniviður ekki sýnilegur. Á deildum mátti sjá nokkrar myndir eftir börnin á veggjum en matsaðilar geta ekki sagt til um hvort lögð var áhersla á ferlið fremur en afurðina í verkum barnanna, þar sem þeir urðu ekki vitni að slíkri vinnu.

Í skólanámskrá er þess ekki getið sérstaklega hvernig unnið er með vísindi og stærðfræði en fram kemur að lögð er áhersla á að börnin fái fjölbreyttan efnivið og læri að meðhöndla ýmis áhöld.⁴² Áhöld

37 Rýnihópur barna.

38 Skólanámskrá.

39 Skólanámskrá.

40 Starfsáætlun Gefnarborgar 2021-2022.

41 Viðtal við leikskólastjóra.

42 Skólanámskrá.

eins og myndvarpi, stækkunargler og smásjá eru ekki sýnileg eða aðgengileg börnum. Í flæðisvinnu eldri barna koma áherslur Erasmus+ verkefnisins skýrt fram. Gerðar eru tilraunir með efnivið, starfsfólk spyr spurninga, hvetur börnin til tilrauna og leggur áherslu á að kveikja áhuga þeirra. Tölur og form eru í hæð barna á deildum. Ýmsar tegundir kubba, s.s. lego, dublo og segulkubbar eru á deildum og Holukubbar í sal þar sem er gott rými til að byggja og gera stærðfræðitilraunir. Vinna með vísindi birtist í útileikjum og vettvangsferðum þar sem börnin kynnast ýmsum efnivið í náttúrunni.

Tónlist á að fara fram í samveru- og söngstundum samkvæmt skólanámskrá og í hvíld skal spiluð róleg tónlist. Söngstundir voru á deildum fyrir hádegi þá daga sem vettvangsathugun fór fram en starfsfólk í rýnihópum nefndi að heldur hafi dregið úr söngstundum á eldri deildum og það þyrfti að bæta.⁴³ Hljóðfæri eru ekki sýnileg á deildum eða í sal utan hljómborðs í Miðjunni ásamt nokkrum heima-gerðum hristum í sama rými. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að áhugi væri fyrir meira samstarfi við tónlistarskólann. Í dag felst samstarfið eingöngu í heimsókn leikskólans þangað.⁴⁴ Daglegar söngstundir voru á báðum yngri deildunum þar sem allur barnahópurinn sat saman á gólfinu ásamt starfsfólki. Þessar aðstæður ollu nokkrum óróa í hópnum, gerðu stundina ómarkvissa og erfitt reyndist að sinna einstaka börnum.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloftið í leikskólanum einkennist af virðingu, umhyggju og jákvæðu viðmóti. Vel er tekið á móti börnum á morgnana með því að fagna hverju þeirra. Starfsfólk er til staðar fyrir börnin, sýnir viðfangs-efnum þeirra áhuga, leiðbeinir þeim og styður. Þau fá góðan tíma og frelsi í leik og til flestra daglegra athafna. Matsaðilar sáu glöð, áhugasöm og örugg börn sem áttu í góðum samskiptum sín á milli og ekki bar á árekstrum í barnahópnum. Í rýnihópi barna sögðu þau að þeim liði vel og að það væri gaman í leikskólanum. Þegar spurt var hvort einhver yrði leiður sögðust þau verða leið þegar þau meiða sig og ef einhver skemmir og að „stundum eru einhverjir krakkar leiðinlegir en þá skamma kennararnir þau“. Skemmtilegast væri að vera úti að leika sögðu þau en að perla var greinilega efst á vinsældalista eldri deilda þessa daga. Á vettvangi mátti sjá að einkunnarorð leikskólans Gleði, Leikur, Virðing birtust í daglegu starfi.

Mat á námi og velferð barna

Við mat á námi og velferð barna eru notuð tvö viðurkennd matstæki Hljóm-2, sem kannar hljóðkerfis- og málvitund og er lagt fyrir elstu börnin, *Efi-2 málþroskaskimun* fyrir 3 til 4 ára börn. Þegar grunur vaknar um frávík eru notuð matstæki eins og *Orðaskil-málþroskalisti* sem er *málþroskaskimun* fyrir börn á aldrinum eins og hálf árs til þriggja ára, *Íslenski þroskalisti* sem metur þroska þriggja til sex ára barna og *Smábarnalisti* sem metur mál- og hreyfiþroska 15 til 38 mánaða barna. Að sögn sérkennslustjóra er áætlað að hann sækji námskeið um *Tras skráningarlistann* (n: Tidlig registrering av språkuvikling) fyrir börn á aldrinum tveggja til fimm ára.

Í leikskólanum fara ekki fram *uppeldislegar skráningar* á námi og framförum barna og þau setja sér ekki markmið með námi sínu eða meta framfarir sínar. Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að elstu börnin svara spurningalista um valsvæði í flæði og niðurstöður eru nýttar í innra mati. Fyrir foreldra-viðtöl er fylltur út þroskalisti sem kallast *Atferlisathugun*⁴⁵ og deildarstjórar styðjast við í foreldraviðtölunum. Deildarstjórar sögðu að umræður um stöðu barna færu fram á deildarfundum, reynt væri að fylgjast með og skrá ýmsar athafnir hópsins í daglegu starfi. Í foreldraviðtölum fara fram samræður kennara og foreldra um líðan og þroska barnsins, þar fá foreldrar upplýsingar um barnið og Atferlisathugun er nýtt í þeim tilgangi. Foreldrar koma ekki að því að meta nám barna sinna.⁴⁶ Í gögnum sem send voru matsaðilum mátti sjá að í Erasmus+ verkefninu eru skráningar og mat á ákveðnum þáttum og er því framfylgt af starfsfólki undir umsjón verkefnastjóra. Í gögnunum koma fram dæmi um skráningar, ígrundun starfsfólks og kynningu fyrir foreldra og þátttakendur í verkefninu.⁴⁷ Upplýsingar um Erasmus+ verkefnið er ekki að finna á heimasíðu leikskólans. Að öðru leyti er óljóst hvernig skráningum á námi barna er háttað.

43 Rýnihópur starfsmanna.

44 Rýnihópur deildarstjóra og skólanámskrá.

45 Gögn frá leikskólastjóra.

46 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

47 Gögn frá leikskólastjóra.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er vel nýtt til náms og leikja og námsumhverfið skipulagt út frá gildum og hugmyndafræði leikskólans.
- Efniviður, náms- og kennslugögn í Miðjunni eru vel skipulögð og aðgengileg starfsfólki.
- Útileiksvæði býður upp á áhugaverð og krefjandi viðfangsefni. Svæði utan leikskólans eru vel nýtt til útináms og starfsfólk áhugasamt og stolt af verkefnum því tengdu.
- Samskipti starfsfólks við börnin einkennast af virðingu, jákvæðni og hvatningu.
- Unnið er markvisst að málörvun og námsumhverfið styður við máltöku og málþroska barna.
- Í fataherbergi eru hólf barna vel merkt, snyrtileg og umgengni góð.
- Börnin eru glöð, áhugasöm, finnast gaman og líður vel í leikskólanum.
- Matsalurinn er bjartur, snyrtilegur og maturinn fallega framreiddur. Unnið er markvisst með heilbrigði og vellíðan barna og áhersla er á hreyfingu og holla næringu.
- Unnið er með sköpun og vísindi og í útinámi og gerðar tilraunir með margskonar efnivið.
- Einkunnarorð leikskólans, Gleði, Leikur, Virðing birtast í daglegu starfi.
- Erasmus+ verkefnið tengist áherslum og námsleiðum leikskólans og er vel sýnilegt í flæði og daglegum störfum á eldri deildum.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.

Tækifæri til umbóta

- Bæta ætti merkingar, skipulag og flokkun á námsgögnum og leikefni, einnig ætti að skoða aðgengi barna og starfsfólks að efnivið og leikefni.
- Leita ætti leiða til að samræma starfsaðferðir og reglur innan leikskólans og skoða hvernig námsvið hans birtast í starfi með börnunum.
- Endurskoða þarf skipulag starfsins á yngri deildum í samræmi við stefnu leikskólans um læsi og fjölbreyttan barnahóp. Gera málörvun yngri barna betri skil og huga að fyrirkomulagi í söng- og sögustundum með áherslu á að hvert barn fái notið sín.
- Skoða ætti hvort þörf er á að bæta öryggi yngstu barna á útileiksvæði.
- Endurmeta skipulag matmálstíma á yngstu deild, einnig skipulag og nýtingu í fataherbergjum á yngri deildum.
- Gefa ætti börnum tækifæri til að koma að ákvarðanatöku og aukin áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda.
- Skoða ætti skipulag og aðbúnað í listaskálum, bæta aðgengi barna að efnivið og tækifæri til frumkvæðis.
- Auka búnað og tæki til stærðfræði og vísindastarfa í leikskólanum, gera þau sýnileg í gögnum og starfi deilda.
- Auka ætti uppeldislegar skráningar á námi barna.
- Leita leiða til að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Í upphafi leikskólagöngu fá foreldrar afhentan bækling Kynningarbæklingur fyrir ný börn. Í honum eru upplýsingar um aðlögun, dagskipulag og ýmis hagnýt atriði. Einnig fá foreldrar senda glærुकynn-ingu um áherslur leikskólans og námsleiðir. Skóladagatal er birt á heimasíðu leikskólans og auk þess sent heim til foreldra.⁴⁸ Um samstarf heimilis og skóla segir í skólanámskrá að leggja skuli áherslu á gott samstarf og líta á foreldra og starfsfólk sem eina liðsheild.⁴⁹ Í viðtali við leikskólastjóra lagði hann áherslu á að foreldrar hefðu greiðan aðgang að leikskólastjóra og deildarstjórum og þeir væru ávallt velkomnir í leikskólann.⁵⁰ Foreldrar í rýnihóp sögðu að leikskólastjóri væri sýnilegur og almennt væru samskipti við hann góð. Samstarf er milli heimilis og skóla um verkefni *Málið okkar, horft til framtíðar* og *Orðaspjall*. Að sögn foreldra eru þeir sáttir við upplýsingar frá leikskólanum, sögðust skoða skóladagatalið á heimasíðu leikskólans, fá tölvupóst og upplýsingar á fésbók. *Karellen* appið nýtist vel sem upplýsingamiðill. Helstu upplýsingar til foreldrar eru um starfið fram undan og daglegar upplýsingar um hvernig börnin borða, hve lengi þau sofa og einnig um breytingar í starfsmannahópnum.⁵¹

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihópi voru að stærstum hluta jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann. Þeir þekktu áherslur og starfshætti hans og það nám sem þar fer fram, en mundu ekki einkunnarorðin. Almenn ánægja var með útinámið, þeim fannst vel unnið með íslenskuna og sögðu börnin koma heim með ný orð sem þau hafa lært í leikskólanum. Í rýnihópnum kom fram ánægja með hvernig leikskólinn vinnur með umburðarlyndi og samkennd innan barnahópsins og þeim fannst vel tekið á málum hvað varðar einstök börn. Starfsfólk væri lausnamiðað og duglegt að tileinka sér nýjar aðferðir. Samskipti við starfsfólk væru góð, foreldrum fannst þau mæta skilningi og ef eitthvað kæmi upp á væru þeir alltaf látnir vita. Vel væri tekið á móti börnunum á morgnana, þeim liði vel, komi glöð heim og vilji alltaf fara í leikskólann. Hugmyndum foreldra væri vel tekið og sem dæmi var nefnt verkefni, hannað af foreldri, sem barnið fór með í leikskólann og deildarstjóri nýtti með börnunum á deildinni. Foreldrar sögðust fylgjast með stöðu og framförum barna sinna. Nokkrar ábendingar komu frá foreldrum um það sem mætti bæta. Auka nám á elstu deildum í samvinnu við heimilin og skoða hvíld á elstu deild. Bæta upplýsingar um það sem verið er að vinna með hverju sinni svo foreldri geti rætt við barnið um hvernig vikan hafi gengið. Auka mætti málörvun á yngri deild með því að vinna með Lubba og tákn með tali. Bæta samvinnu og heimsóknir kennara milli leik- og grunnskóla.⁵² Almennar upplýsingar á helstu tungumálum er ekki á heimasíðu leikskólans. Foreldrakönnun var ekki gerð á síðasta skólaári.

Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag undir einni stjórn. Tveir fulltrúar eru fyrir foreldraráð og tveir fyrir foreldrafélag auk formanns. Síðast þegar kjósa átti í foreldraráð bauð enginn sig fram og var því fólk beðið um að taka að sér þessi verkefni. Starf foreldraráðs hefur legið niðri sl. ár vegna Covid 19 faraldursins.⁵³ Hlekkur með upplýsingum um hverjir sitja í foreldraráði, starfsáætlun foreldraráðs og fundargerðir er ekki að finna á heimasíðu leikskólans og að sögn formanns eru fundargerðir ekki skrifaðar. Foreldrar í rýnihóp vita ekki hverjir sitja í foreldraráði og leita því ekki til þess. Fram kom í viðtali við formann foreldraráðs og leikskólastjóra að foreldraráð les yfir skólanámskrá og starfsáætlun. Að sögn leikskólastjóra situr hann ekki fundi ráðsins en kemur skilaboðum til þess og hefur í sumum tilfellum frumkvæði að málum sem foreldraráð tekur fyrir. Foreldraráð kemur sömu-leiðis skilaboðum beint til leikskólastjóra.⁵⁴

Foreldrafélag hefur ekki fundað sl. ár. Á heimasíðu er hlekkur merktur foreldrafélagi en engar upplýsingar eru þar um hverjir eru í foreldrafélaginu, hlutverk þess eða fundargerðir. Fram kom hjá formanni að foreldrafélagið sjái um viðburði eins og jólaleikrit, útskrifargjöf og leikfangakaup. Í rýnihópi kom fram að foreldrar væru hvattir til að taka þátt í starfinu og viðburðum og mikil ánægja var með *Instagramstory* þar sem leikskólastjóri setur inn viðburði. Nefndir voru viðburðir eins og foreldra- og jólakaffi, sumarhátíð og vinnudagur á leikskólalóðinni þar sem allir, starfsfólk, börn og foreldrar taka

48 Gögn frá leikskólastjóra.

49 Skólanámskrá.

50 Viðtal við leikskólastjóra.

51 Rýnihópur deildarstjóra og rýnihópur foreldra.

52 Rýnihópur foreldra.

53 Viðtal við leikskólastjóra og formann foreldraráðs.

54 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur foreldra.

þátt við lagfæringar og smíðar á leiktækjum. Mjög mikil ánægja er með þennan vinnudag og þátttaka í honum góð að sögn foreldra. Foreldri í rýnihóp sem hafði tekið þátt í flæðistund í leikskólanum lýsti yfir ánægju sinni með þá reynslu.⁵⁵

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er við Gerðaskóla og í skólanámskrá kemur meðal annars fram mikilvægi þess að börnin finni til öryggis og vellíðunar við skólaskiptin. Deildarstjórar í rýnihóp sögðu að áætlun leik- og grunnskólans, *viðburðardagatal*, væri unnið á hverju hausti og stóðu fundir um þetta skipulag yfir meðan matsaðilar voru á vettvangi. Áætlun fyrir árið 2021-2022 var send matsaðilum en hefur ekki verið sett á heimasíðu leikskólans. Í áætluninni kemur fram að börnin heimsækja grunnskólann reglulega yfir veturinn, kynnast húsnæðinu, taka þátt í verkefnum með nemendum grunnskólans og eru þátttakendur í ýmsum viðburðum. Í skólanámskrá kemur einnig fram að tilgangur samstarfs leik- og grunnskóla sé að byggja upp gagnkvæman skilning og þekkingu á starfi kennara á hvoru skólastigi til að tryggja farsæla skólagöngu.⁵⁶ Í áætluninni kemur skýrt fram gagnkvæmt samstarf kennara á báðum skólastigum þar sem m.a. eru haldnir sameiginlegir fundir í báðum skólunum.

Annað samstarf

Í skólanámskrá er lögð áhersla á að börnin tengist nærumhverfi sínu og í samræmi við það eru vettvangsferðir ríkur þáttur í starfi leikskólans. Samstarf er við vinaleikskólann Tjarnarsel í Reykjanesbæ í tengslum við útinám þar sem lögð er áhersla á að styrkja jákvætt viðhorf starfsfólks til heilsu og úti-veru. Börnin heimsækja *Auðarstofu* sem er félagsstarf eldri borgara, syngja, spjalla og spila bingó við heimamenn. Þá hafa eldri borgarar komið í leikskólann og lesið fyrir börnin. Elstu börnin hafa heimsótt *minjasafnið Unuhús* (söguhús Unu í Garði) og fengið fræðslu um Unu.⁵⁷ Þau tóku þátt í ljóðasamkeppni sem *Hollvinafélag Unu* stóð fyrir og í framhaldi af því unnu börnin ljóðabók sem þeim er afhent við útskrift á vorin. Í skoðun er hugmynd að auknu foreldrasamstarfi sem felur í sér að starfsmaður lesi sögur fyrir börnin inn á disk sem þau taki með sér heim. Fyrirhugað er að útbúa skiptibókasafn í leikskólanum (koffort eða hillur) þar sem foreldrar og börn geta komið með bækur að heiman sem þau vilja gefa eða lána, þetta er hugsað sem hvatning fyrir foreldra til að lesa fyrir börnin. Stefnt er að því að senda heim fyrstu söguna og opna bókasafnið á degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Veca, hundur starfsmanns sem er viðurkenndur heimsóknarvinur Rauða Krossins fer reglulega í vettvangsferðir með börnunum á eldri deildum og tengjast heimsóknir hans Erasmus+ verkefninu um skynörvun. Þá hefur verið haldinn fatamarkaður í leikskólanum í samstarfi við foreldra.

Styrkleikar

- Kynningarbæklingur er afhentur foreldrum við upphaf leikskólagöngu.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og vel er staðið að upplýsingamiðlun.
- Foreldrar eru hvattir til samstarfs um málörvun og læsi barna.
- Foreldraráð er við leikskólann sem les yfir skólanámskrá og starfsáætlun. Foreldrafélag er starfandi og er virkur samstarfsaðili við leikskólann.
- Formlegt samstarf er við Gerðaskóla og við einn leikskóla í næsta sveitarfélagi.
- Leikskólinn er virkur samstarfsaðili í samfélaginu.

55 Viðtal við formann foreldrafélags.

56 Skólanámskrá.

57 Minjasafn/Sjólýst í Garðinum, Suðurnesjum.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að gera einkunnarorð leikskólans sýnileg í leikskólanum og kynna þau foreldrum.
- Sjá til þess að gögn um samstarf leik- og grunnskóla ásamt öðru samstarfi verði sýnilegt í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.
- Skoða ætti ábendingar foreldra um uppeldisstarfið og aukið samstarf um nám elstu barnanna.
- Kjósa skal þrjá fulltrúa í foreldraráð sem setur sér starfsreglur og birtir þær á heimasíðu leikskólans.
- Samkvæmt lögum um leikskóla skal foreldraráð vinna starfsáætlun, kynna foreldraráð og birta upplýsingar á heimasíðu leikskólans. Foreldraráð ætti að funda reglulega, boða fundi ráðsins með fyrir fram gerðri dagskrá, skrá fundargerðir og birta á heimasíðu leikskólans.
- Bæta mætti upplýsingar um starfsemi foreldrafélagsins, fulltrúa þess og birta á heimasíðu leikskólans ásamt fundargerðum.
- Leita leiða til að foreldrar komi að því að meta nám barna sinna.

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Eins og áður hefur komið fram starfar sérkennslustjóri við leikskólann. Hlutverk hans er að skipuleggja sérkennslu í samvinnu við sérkennsluteymi, sinna frumgreiningu og skipuleggja sérkennslu fyrir einstök börn í samstarfi við deildarstjóra. Hann býður upp á fræðslu á starfsmannafundum, gerir áætlanir og veitir starfsfólki og foreldrum ráðgjöf. Í sérkennsluteymi leikskólans, sem áður hefur verið kynnt eru: þroskaþjálfari, iðjuþjálfari, stuðningsaðili og leiðbeinandi auk sérkennslustjóra. Teymið skiptir með sér verkum og vinnur með börn sem hafa skilgreindan stuðning og sér um íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Auk þess vinnur teymið og skipuleggur með öðru starfsfólki vinnu með fjölbreyttan barnahóp leikskólans. Allt starfsfólk þekkir þarfir einstakra barna og lögð er áhersla á að samræma starfsaðferðir innan leikskólans. Að sögn sérkennslustjóra er lögð áhersla á að vinna með sérkennslubörn í barnahópnum á deild. Ef með þarf eru börn tekin út af deild í einstaklingskennslu. Í viðtalinu kom fram ánægja sérkennslustjóra með nýstofnað sérkennsluteymi sem hann sagði vinna vel saman. Samstarf samstarfsfólks er vel merkjanlegt að hans mati.⁵⁸ Deildarstjórar í rýnihóp sögðu samstarfið við sérkennsluteymið vera mjög gott og hafi aldrei verið betra, það skorti aldrei stuðning, sérkennslustjórinn sjá til þess.⁵⁹ Í rýnihóp starfsfólks kom einnig fram ánægja með sérkennsluna, starfsfólk fái góðar leiðbeiningar og stuðning. Starfsmaður í sérkennsluteymi sagðist vera stoltur af sérkennslunni, samstarfið væri gott innan teymisins og einnig samvinnan við deildir. Að mati matsaðila er skipulag og vinna við sérkennslu leikskólans til fyrirmyndar. Sérkennslustjóri nýtur stuðnings og ráðgjafar frá kennsluráðgjafa og talmeinafræðingi á Fræðslu- og frístundaþjónustu Suðurnesjabæjar, einnig sálfræðinga sem sinna greiningum. Kennsluráðgjafi kemur reglulega í leikskólann og getur allt starfsfólk leitað til hans. Talmeinafræðingur kemur eftir þörfum en í skoðun er að fjölga heimsóknum hans. Sérkennslustjóri sagðist fá góðan stuðning frá sérfræðingum Suðurnesjabæjar en rúmt ár er síðan Suðurnesjabær hóf þjónustu á fjölskyldusviði, þar er enn verið að vinna verkferla og tekur sérkennslustjóri þátt í þeirri vinnu.

Til er verkferill ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni. Deildarstjóri hefur samband við sérkennslustjóra, fylgst er með barninu og haft samband við foreldra. Ef ástæða þykir er haft samband við sérfræðinga hjá Suðurnesjabæ og næstu skref ákveðin. Samstarf er við Heilsugæsluna ef afla þarf frekari upplýsinga um barnið. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á samskiptum við foreldra barna með skilgreindan stuðning ásamt deildarstjóra viðkomandi deildar. Myndað er teymi um barnið sem í sitja sérkennslustjóri, foreldrar, deildarstjóri barnsins og ráðgjafar frá Suðurnesjabæ eftir því sem við á. Einstaklingsnámskrá er unnin og teymisfundir með foreldrum eru haldnir á sex vikna fresti þar sem markmið eru metin og gerð áætlun.

Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku

Í starfsáætlun 2021-2022 kemur fram að rúmlega þrjátíu prósent barna eigi annað móðurmál en íslensku.⁶⁰ Lögð er áhersla á markvissa íslenskukennslu fyrir þessi börn með því að starfsmaður í sérkennsluteymi sinnir sérstaklega því hlutverki. Að sögn leikskólastjóra er móttökuáætlun á íslensku en leikskólinn hefur aðgang að túlkaþjónustu þegar þess er þörf.⁶¹ Í rýnihóp deildarstjóra kom fram að öll börn eigi sinn stað í barnahópnum og allir fái að njóta sín. Fram kom í máli sérkennslustjóra að hann hefði áhuga á að teymið endurmeti móttöku þessa hóps.⁶² Myndrænt dagskipulag og myndir af fatnaði á deildum gagnast börnum sem litla kunnáttu hafa í íslensku. Söngvar á tungumáli barnanna eru sungnir og þau koma með bækur að heiman. Reynt er að finna smásögur sem tengjast tungumáli barnsins og foreldrar koma og lesa á sínu tungumáli, „allir hlusta og hafa gleði og ánægju af“.⁶³ Vísir að heimameningu barna með annað móðurmál en íslensku má sjá í þessum áherslum en í skólanámskrá er ekki talað um heimameningu allra barna. Fánar eða kveðjur á tungumáli barna eru ekki sýnilegar í leikskólanum. Almennar upplýsingar á fleiri tungumálum er ekki að finna á heimasíðu leikskólans.

58 Viðtal við sérkennslustjóra.

59 Rýnihópur deildarstjóra.

60 Skólanámskrá og Starfsáætlun 2021-2022.

61 Viðtal við leikskólastjóra.

62 Rýnihópur deildarstjóra og viðtal við sérkennslustjóra.

63 Rýnihópur deildarstjóra.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann, ber ábyrgð á sérkennslu, sér um frumgreiningu, leiðbeinir og fræðir starfsfólk. Hann vinnur náið með og nýtur stuðnings kennsluráðgjafa og talmeinafræðings hjá Fræðslu- og frístundaþjónustu sveitarfélagsins.
- Sérkennsluteymi er starfandi við leikskólann sem á í gagnkvæmu og góðu samstarfi við starfsfólk deilda.
- Verkferill er til ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni.
- Myndað er teymi um börn með sérþarfir og teymisfundir eru haldnir reglulega.
- Einstaklingsnámskrá er unnin í samstarfi við foreldra barnsins, sérfræðinga og deildarstjóra.
- Leikskólinn vinnur markvisst að íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að móttökuáætlun og kynningarbæklingur sé á fleiri tungumálum en íslensku.
- Auka mætti vinnu með heimamenningu allra barna og gera sýnilega í gögnum leikskólans. Skoða mætti möguleika á að gera fjölbreytileika barnahópsins sýnilegri.
- Bæta mætti almennar upplýsingar á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá er fjallað um nokkrar leiðir sem fara á við söfnun gagna fyrir innra mat í leikskólanum. Þar er talað um mánaðarlegar mannauðsmælingar og árleg starfsmanna- og foreldraviðtöl og umræða um líðan barna fari fram í skipulögðum málræktar- og samverustundum. Í lok hvers skólaárs á starfsfólk að meta hvernig gengið hefur að fylgja eftir starfsáætlun síðastliðins skólaárs. Í gögnum og viðtölum kom ekki fram að ígrundun leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum væri liður í daglegu starfi þeirra. Ekki kom fram að stefna og markmið skólanámskrár væru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Leikskólastjóri, ásamt deildarstjórum, ber ábyrgð á innra mati leikskólans en þar er ekki formlegt matsteymi. Starfsfólk leikskólans tekur ekki þátt í að ákveða áherslur og forgangsöröðun í innra mati. Mánaðarlegar mannauðsmælingar eru gerðar þar sem leikskólastjóri stýrir hverju leitað er eftir hverju sinni.⁶⁴ Í mannauðsmælingunum er leitað eftir líðan starfsmanna og samskiptum við börn og foreldra. Í skólanámskrá kemur ekki fram að notuð séu ákveðin matstæki fyrir innra mat í leikskólanum. Ekki var gerð foreldrakönnun í leikskólanum á síðasta skólaári. Börn taka ekki þátt í að meta starfið með formlegum hætti. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda og starfsfólks fer mat á starfinu fram á skipulagsdögum, starfsmannafundum og deildarfundum í samræðuformi. Í lok skólaárs vinnur hver deild endurmat um helstu áherslupætti leikskólans en ekki kemur fram hvernig það er unnið. Í samræðumati er rætt um hvernig gengið hefur að innleiða nýtt skipulag og farið yfir *þróunar- og umbótaáætlun* síðastliðins skólaárs. Í leikskólanum er starfsfólk að hefja vinnu með uppeldislegar skráningar í tengslum við samstarfsverkefnið Erasmus+, myndrænar og ritaðar. Minnst er um þessar skráningar á yngri deildunum þar sem þátttakan þar er minni í Erasmus+. Ígrundun á þessum skráningum fer fram á fag-, deildar- og deildarstjórafundum. Heildarmat er unnið að vori með samræðumati þar sem tekin eru saman gögn frá fundum starfsfólks, niðurstöðum mannauðsmælinga og foreldra- og starfsmanna-samtölum. Í skólanámskrá er ekki sett fram matsáætlun til lengri eða skemmri tíma fyrir stefnu- og áherslupætti leikskólans eða framkvæmd uppeldisstarfsins. Í vinnu við samstarfsverkefnið Erasmus+ fer fram símat á framkvæmd verkefnisins. Í starfsáætlun er þróunar- og umbótaáætlun til þriggja ára (2021-2023) fyrir þrjú þróunar- og samstarfsverkefni: Erasmus+, Málrækt og Málið okkar horft til framtíðar.⁶⁵

Opinber birting og umbætur

Greinargerðir um innra mat eru ekki birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti. Niðurstöður úr innra mati eru ekki formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum. Þróunar og umbótaáætlun fyrir þrjú samstarfsverkefni er birt á heimasíðu leikskólans í starfsáætlun.

Styrkleikar

- Skólanámskrá fjallar um nokkrar leiðir að innra mati.
- Mánaðarlega eru gerðar mannauðsmælingar.
- Símat fer fram á vinnu sem tengist Erasmus+ samstarfsverkefninu og gerð hefur verið þróunar- og umbótaáætlun til þriggja ára fyrir þrjú samstarfs/þróunarverkefni.
- Hafin er vinna við að innleiða markvissar skráningar á uppeldisstarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Stofna matsteymi í leikskólanum og gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.

64 Mannauðsmælingar.

65 Starfsáætlun.

- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengist markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Út frá niðurstöðum innra mats þarf að gera nákvæma umbótaáætlun þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa út frá helstu tækifærum til úrbóta, hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

Grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

Rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Gefnarborgar: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur markmið, einkunnarorð og stefnu sem starfsfólk þekkir og getur bent á leiðir sem farnar eru til að framfylgja þeim.
- Leikskólinn er stýriskóli fyrir þriggja ára fjölþjóða samstarfsverkefni.
- Leikskólinn er þátttakandi í verkefnunum *Skóli á grænni grein*, *Heilsueflandi leikskóli* og *Málið okkar horft til framtíðar*.
- Leikskólastjóri fundar mánaðarlega með deildarstjóra fræðsluþjónustu ásamt öðrum leikskólastjórum í sveitarfélaginu og er í góðu samstarfi við sveitarstjórn sveitarfélagsins.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók og móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk. Leikskólinn er með skipurit og gerðar hafa verið starfslýsingar.
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin tvisvar á ári.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir ný börn og áætlun um samstarf leik- og grunnskóla. Skóladagatal leikskólans er á heimasíðu.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu, hefur metnað fyrir hönd leikskólans og trú á gæðum starfsins.
- Starfsfólk og foreldrar eru ánægðir með stjórnun leikskólans.
- Kennsluráðgjafi veitir stjórnendum og starfsfólki stuðning og ráðgjöf.
- Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisáætlun, starfsmannastefnu, áfalla- og viðbragðsáætlun og áfallateymi, slysaskráningu. Leikskólinn hefur rýmingaráætlun og verklagsreglu vegna slysa.
- Vinna og skipulag við ráðningu starfsfólks og dreifingu þess innan leikskólans er til fyrirmyndar.
- Húsnæði leikskólans er vel nýtt til náms og leikja og námsumhverfið skipulagt út frá gildum og hugmyndafræði leikskólans.
- Efniviður, náms- og kennslugögn í Miðjunni eru vel skipulögð og aðgengileg starfsfólki.
- Útileiksvæði býður upp á áhugaverð og krefjandi viðfangsefni. Svæði utan leikskólans eru vel nýtt til útináms og starfsfólk áhugasamt og stolt af verkefnum því tengdu.
- Samskipti starfsfólks við börnin einkennast af virðingu, jákvæðni og hvatningu.
- Unnið er markvisst að málörvun og námsumhverfið styður við máltöku og málþroska barna.
- Fataherbergi og hólf barna eru vel merkt, snyrtileg og umgengni góð.
- Börnin eru glöð, áhugasöm, finnst gaman og líður vel í leikskólanum.
- Matsalurinn er bjartur, snyrtilegur og maturinn fallega framreiddur. Unnið er markvisst með heilbrigði og vellíðan barna og áhersla er á hreyfingu og holla næringu.
- Unnið er með sköpun og vísindi og í útinámi og gerðar tilraunir með margskonar efnivið.
- Einkunnarorð leikskólans, Gleði, Leikur, Virðing birtast í daglegu starfi.

- Erasmus+ verkefnið tengist áherslum og námsleiðum leikskólans og er vel sýnilegt í flæði og daglegum störfum á eldri deildum.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.
- Kynningarbæklingur er afhentur foreldrum við upphaf leikskólagöngu.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og vel er staðið að upplýsingamiðlun.
- Foreldrar eru hvattir til samstarfs um málörvun og læsi barna.
- Foreldraráð er við leikskólann sem les yfir skólanámskrá og starfsáætlun. Foreldrafélag er starfandi og er virkur samstarfsaðili við leikskólann.
- Formlegt samstarf er við Gerðaskóla og við einn leikskóla í næsta sveitarfélagi.
- Leikskólinn er virkur samstarfsaðili í samfélaginu.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann, ber ábyrgð á sérkennslu, sér um frumgreiningu, leiðbeinir og fræðir starfsfólk. Hann vinnur náið með og nýtur stuðnings kennsluráðgjafa og talmeinafræðings hjá Fræðslu- og frístundaþjónustu sveitarfélagsins.
- Sérkennsluteymi er starfandi við leikskólann sem á í gagnkvæmu og góðu samstarfi við starfsfólk deilda.
- Verkferill er til ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni.
- Myndað er teymi um börn með sérþarfir og teymisfundir eru haldnir reglulega.
- Einstaklingsnámskrá er unnin í samstarfi við foreldra barnsins, sérfræðinga og deildarstjóra.
- Leikskólinn vinnur markvisst að íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Skólanámskrá fjallar um nokkrar leiðir að innra mati.
- Mánaðarlega eru gerðar mannauðsmælingar.
- Símat fer fram á vinnu sem tengist Erasmus+ samstarfsverkefninu og gerð hefur verið þróunar- og umbótaáætlun til þriggja ára fyrir þrjú samstarfs/þróunarverkefni.
- Hafin er vinna við að innleiða markvissar skráningar á uppeldisstarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár.
- Leikskólinn ætti að hafa stjórnunarteymi og betur skilgreindar reglur um verkaskiptingar milli stjórnenda.
- Gera þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann.
- Gera þarf flóttaleiðir vegna rýmingaráætlunar sýnilegar við alla útganga leikskólans.
- Leikskólinn ætti að hafa formlega læsisstefnu og gera hana sýnilega á heimasíðu leikskólans.
- Bæta ætti merkingar, skipulag og flokkun á námsgögnum og leikefni, einnig ætti að skoða aðgengi barna og starfsfólks að efnivið og leikefni.
- Leita ætti leiða til að samræma starfsaðferðir og reglur innan leikskólans og skoða hvernig námsvið hans birtast í starfi með börnunum.

- Endurskoða þarf skipulag starfsins á yngri deildum í samræmi við stefnu leikskólans um læsi og fjölbreyttan barnahóp. Gera málörvun yngri barna betri skil og huga að fyrirkomulagi í söng- og sögustundum með áherslu á að hvert barn fái notið sín.
- Skoða ætti hvort þörf er á að bæta öryggi yngstu barna á útileiksvæði.
- Endurmeta skipulag matmálstíma á yngstu deild, einnig skipulag og nýtingu í fataherbergjum á yngri deildum.
- Gefa ætti börnum tækifæri til að koma að ákvarðanatöku og aukin áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda.
- Skoða ætti skipulag og aðbúnað í listaskálum, bæta aðgengi barna að efnivið og tækifæri til frumkvæðis.
- Auka búnað og tæki til stærðfræði og vísindastarfa í leikskólanum, gera þau sýnileg í gögnum og starfi deilda.
- Auka ætti uppeldislegar skráningar á námi barna.
- Leita leiða til að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.
- Æskilegt er að gera einkunnarorð leikskólans sýnileg í leikskólanum og kynna þau foreldrum.
- Sjá til þess að gögn um samstarf leik- og grunnskóla ásamt öðru samstarfi verði sýnilegt í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.
- Skoða ætti ábendingar foreldra um uppeldisstarfið og aukið samstarf um nám elstu barnanna.
- Kjósa skal þrjá fulltrúa í foreldraráð sem setur sér starfsreglur og birtir þær á heimasíðu leikskólans.
- Samkvæmt lögum um leikskóla skal foreldraráð vinna starfsáætlun, kynna foreldraráð og birta upplýsingar á heimasíðu leikskólans. Foreldraráð ætti að funda reglulega, boða fundi ráðsins með fyrir fram gerðri dagskrá, skrá fundargerðir og birta á heimasíðu leikskólans.
- Bæta mætti upplýsingar um starfsemi foreldrafélagsins, fulltrúa þess og birta á heimasíðu leikskólans ásamt fundargerðum.
- Leita leiða til að foreldrar komi að því að meta nám barna sinna.
- Æskilegt er að móttökuáætlun og kynningarbæklingur sé á fleiri tungumálum en íslensku.
- Auka mætti vinnu með heimameningu allra barna og gera sýnilega í gögnum leikskólans. Skoða mætti möguleika á að gera fjölbreytileika barnahópsins sýnilegri.
- Bæta mætti almennar upplýsingar á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.
- Stofna matsteymi í leikskólanum og gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Hugsa að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrast í mati á leikskólastarfinu.

- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Út frá niðurstöðum innra mats þarf að gera nákvæma umbótaáætlun þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa út frá helstu tækifærum til úrbóta, hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Gefnarborg leiðir í ljós að þar er almennt unnið gott leikskólastarf sem stjórnað er af metnaði. Til fyrirmyndar er hvernig staðið er að ráðningu starfsmanna og dreifingu þeirra innan leikskólans. Almenn ánægja er meðal foreldra og starfsmanna með stjórnun og starfsemi leikskólans. Starfsandinn er góður og samstaða ríkir í starfsmannahópnum. Umhyggja og virðing einkennir samskipti starfsfólks við börnin og lögð er rík áhersla á að öllum líði vel í leikskólanum. Til fyrirmyndar er hvernig haldið er utan um sérkennslu en bæta þarf mat á þroska og framförum barna. Börnunum líður vel í leikskólanum. Foreldrar eru ánægðir með áherslur leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsfólk. Skólanámskrá leikskólans er í endurskoðun og við þá vinnu þarf að tryggja aðkomu allra sem málið varðar. Yfirleitt er vel unnið með námssvið aðalnámskrár frá 2011 en skoða mætti vinnu með skapandi starf og tónlist. Skipulag og uppeldisstarf á yngri deildum þarf að endurskoða og bæta í samræmi við stefnu og áherslur leikskólans. Innra mat á uppeldisstarfi og markmiðum leikskólans þarf að gera kerfisbundnara og meira samofið daglegu starfi með því að stofna matsteymi, gera matsáætlun til eins og fleiri ára og tryggja aðkomu allra er málið varðar. Tekið skal fram að leikskólinn er stýriskóli í fjölþjóðlegu samstarfsverkefni Erasmus+ sem fellur vel að áherslum leikskólans og styrkir lærdómssamfélagið.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 21. október. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Árdís Hrönn Jónsdóttir. Orðaspjall. Sótt á vef 30. október 2021. Slóðin er:

<https://lesvefurinn.hi.is/node/240>

Bryndís Guðmundsdóttir og Hjördís Hafsteinsdóttir.

Málið okkar horft til framtíðar. Sótt á vef 1. nóvember 2021: Slóðin er:

https://www.sudurnesjabaer.is/is/moya/news/malid-okkar-horft-til-framtidar?fbclid=IwAR1-5bGGLJ6MpHboPFE2iJrHoP_jlIECrUolZUH3OG50sXmWPLNmbkboQWQ

Erasmus-samstarfsverkefni. Sótt á vef 19. október 2021. Slóðin er:

<https://www.erasmusplus.is/um-erasmus/>

eTwinning-verkefni. Sótt á vef 19. október 2021. Slóðin er:

<https://www.etwinning.net/en/pub/index.htm>

Heilsueflandi leikskóli. Sótt á vef 21. október 2021. Slóðin er:

<https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>

Heimasíða leikskólans. Sótt á vef 25. október. Slóðin er: <http://gefnaiborg.leikskolinn.is>

Leikskóladagatal. Sótt á vef 21. október 2021. Slóðin er:

[http://gefnaiborg.leikskolinn.is/gefnaiborg/leikskoladagatal-2021-2022%20gefnaiborg%5B80%5D%20\(1\).pdf](http://gefnaiborg.leikskolinn.is/gefnaiborg/leikskoladagatal-2021-2022%20gefnaiborg%5B80%5D%20(1).pdf)

Lubbi finnur málbein. Sótt á vef 30. október 2021. Slóðin er: <https://www.lubbi.is>

Lög um leikskóla nr. 90/2008. Sótt á vef 20. október 2021. Slóðin er:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólástjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019. Sótt á vef 20. október 2021. Slóðin er:

<https://www.althingi.is/altext/stjt/2019.095.html>

Mannauðsmælingar. <https://hrmonitor.com/is/>

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Skólanámskrá leikskólans. Sótt á vef 20. október 2021. Slóðin er:

<http://gefnaiborg.leikskolinn.is/gefnaiborg/namskra-gefnaiborgar.pdf>

Skóli á grænni grein. Sótt á vef 2. nóvember 2021. Slóðin er: <https://landvernd.is/graenfaninn/>

Starfsáætlun leikskólans 2021-2022. Sótt á vef 20. október 2021. Slóðin er:

[http://gefnaiborg.leikskolinn.is/gefnaiborg/starfsaetlun-2021-2022%20\(loka\).pdf](http://gefnaiborg.leikskolinn.is/gefnaiborg/starfsaetlun-2021-2022%20(loka).pdf)

Workspace. Sótt á vef 1. nóvember 2021. Slóðin er: <https://www.notion.so/product>

Viðtöl:

Símtal við deildarstjóra fræðsluþjónustu á Fjölskyldu- og fræðsluviði.

Viðtal við kennara utan deilda.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

Viðtal við verkefna- og starfsmannastjóra.

